

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 20. maí 2010 í máli nr. X-36/2009:

**Flemming Bendsen**

*(Ólafur Eiríksson hrl.)*

**gegn**

**Straumi-Burðarási Fjárfestingarbanka hf.**

*(Hilmar Gunnarsson hdl.)*

### I

Mál þetta var þingfest 30. október 2009 og tekið til úrskurðar 6. maí 2010. Sóknar aðili er Flemming Bendsen, búsettur í London, en varnaraðili er Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega að kröfur hans til slitastjórnar varnaraðila dagsettar 7. júlí 2009 að fjárhæð GBP 532.082,89 og að fjárhæð GBP 40.648,11 verði samþykktar sem forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991.

Til vara krefst sóknaraðili þess að kröfur hans til slitastjórnar varnaraðila, dagsettar 7. júlí 2009 að fjárhæð GBP 532,082,98 og að fjárhæð GBP 40.648,11, verði samþykktar sem almennar kröfur samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur varnaraðila eru að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað.

### II

Sóknaraðili gerði ráðningarsamning við varnaraðila hinn 2. mars 2007 er hann réði sig til starfa sem starfsmaður á sviði eigin viðskipta hjá varnaraðila. Í 4. grein ráðningarsamningsins er fjallað um endurgjald sóknaraðila fyrir vinnu í þjónustu varnaraðila. Samkvæmt grein 4.1 voru grunnlaun sóknaraðila EUR 187.000 á ári. Í grein 4.2, sbr. viðauka 1 við ráðningarsamninginn er fjallað um kaupaukagreiðslur. Í lið 2 í viðauka 1 við ráðningarsamninginn er fjallað um hagnaðarhlutdeild sóknaraðila og kaupaukagreiðslur hans skilgreindar. Í lið 2.3 í viðauka 1 við ráðningarsamninginn er tekið fram að varnaraðili geti frestað 25% af kaupaukagreiðslum í 12 mánuði og öðrum 25% í 24 mánuði. .

Samhliða ráðningarsamningi gerðu aðilar með sér samkomulag um að sóknaraðili tæki að sér nánar tilgreint verkefni fyrir varnaraðila. Þar kemur fram að sóknaraðili skuli fá fyrir verkefnið greiddar EUR 1.550.000, eða sambærilegt verðmæti hluta í varnaraðila, í einni greiðslu eða þremur jöfnum afborgunum á þriggja ára tímabili, enda sé hann enn starfandi eða að deild á sviði eigin viðskipta sé enn starfrækt. Þá segir enn fremur að ef starfsmaður hættir vegna ástæðna sem tilgreindar eru í liðum 3.1 og 3.2 í viðauka 1 við ráðningarsamninginn, meðal annars þeirrar að því að dregið sé úr starfsemi fyrirtækis og því nauðsynlegt að fækka starfsfólki, eigi hann rétt á fullri greiðslu samkvæmt samkomulaginu.

Með bréfi 16. febrúar 2009 fékk sóknaraðili tilkynningu frá varnaraðila um að kaupaukagreiðsla hans fyrir árið 2008 yrði EUR 78.371. Þá var sóknaraðila einnig tilkynnt um það að komið væri að annarri afborgun af þremur, samtals að fjárhæð EUR 1.550.000 sem kveðið var á um í samkomulaginu þann 2. mars 2007, þ.e. EUR 516.667. Var tekið fram að sóknaraðili myndi fá þessar fjárhæðir greiddar í breskum pundum þann 27. febrúar 2009, miðað við gengi þann 15. febrúar 2009.

Fjármálaeftirlitið ákvað 9. mars 2009 að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila, víkja stjórn hans frá störfum og skipa honum skilanefnd í samræmi við þágildandi ákvæði 100. gr. a. laga nr. 161/2002, eins og þeim hafði verið breytt með 5. gr. laga nr. 125/2008. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 19. mars 2009, sem standa átti til 11. júní sama ár, en áður en sá tími var á enda var honum skipuð slitastjórn 11. maí 2009 samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Gaf slitastjórnin út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist fyrri sinni í Lögbirtinga blaði 18. maí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 18. júlí 2009.

Með bréfi 19. mars 2009 var sóknaraðila sagt upp störfum hjá varnaraðila þar sem varnaraðili taldi of marga starfsmenn í fyrirtækinu miðað við verkefnið og skyldi uppsögnin taka gildi 31. mars 2009 og var uppsagnarfrestur tiltekinn þrjú mánuðir. Í bréfinu voru taldar upp þær greiðslur sem sóknaraðili ætti rétt á vegna uppgjörðs á launum við starfslok. Voru þar meðal annars tilgreindar frestuð kaupaukagreiðsla

að fjárhæð EUR 78.371 og launagreiðsla að fjárhæð EUR 516.667, þ.e. þriðja og síðasta greiðslan af því endurgjaldi sem kveðið var á um í samkomulaginu frá 2. mars 2007. Þá var jafnframt tekið fram í bréfinu að umræddar fjárhæðir yrðu greiddar í breskum pundum með lokagreiðslu launa og að varnaraðili myndi miða útreikninginn við gengi þann 15. júní 2009. Snýst ágreiningur aðila meðal annars um þessar tvær greiðslur sem óumdeilt er að sóknaraðili hefur ekki fengið greiddar.

Með bréfi frá eftirlaunasjóðnum Scottish Widows 4. maí 2009 fékk sóknaraðili tilkynningu um það að greiðsla varnaraðila í sjóðinn vegna sóknaraðila, fyrir febrúar 2009, sem millifærð hafði verið frá varnaraðila þann 10. mars 2009, hefði ekki borist sjóðnum að fullu fyrr en 8. apríl 2009, eða um mánuði eftir gjalddaga.

Sóknaraðili lýsti kröfum til slitastjórnar varnaraðila, annars vegar að fjárhæð GBP 532.082,98. Samanstóð sú fjárhæð annars vegar af frestaðri kaupaugagreiðslu að fjárhæð EUR 78.371 og hins vegar greiðslu samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi að fjárhæð EUR 516.667. Voru þessar fjárhæðir reiknaðar yfir í GBP á genginu 0,8942 eins og það var um miðjan febrúar 2009. Þá lýsti sóknaraðili einnig kröfu til slitastjórnar varnaraðila að fjárhæð GBP 40.648,11 vegna tjóns sem sóknaraðili taldi sig hafa orðið fyrir við það að greiðsla í eftirlaunasjóð Scottish Widows barst ekki sjóðnum fyrr en mánuði eftir gjalddaga.

Með bréfi 30. júlí 2009 tilkynnti slitastjórn varnaraðila að kröfum sóknaraðila, nr. 71 og 183 á kröfuskra, væri hafnað í heild sinni á þeim forsendum að slitastjórn hafnaði því að matskenndar ákvarðanir um kaupauka skömmu fyrir greiðsluþrot félagsins geti leitt til greiðsluskyldu þess. Þá væri það afstaða slitastjórnar að ákvæði í samningum um greiðslu umtalsverðra kaupauka við starfslok væru óskuldbindandi fyrir félagið við þessar kringumstæður.

Á fundi slitastjórnar með kröfuhöfum þann 6. ágúst 2009 var framangreindri afstöðu slitastjórnar mótmælt. Ekki var leyst úr ágreiningi aðilanna um þetta á kröfuhafafundi sem slitastjórn hélt 25. ágúst 2009 og vísaði slitastjórn varnaraðila ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi 2. september 2009 og var mál þetta þingfest 30. október 2009. Í bréfi slitastjórnarinnar kemur fram að ágreiningur snúist um ætlaðan rétt sóknaraðila til greiðslna samkvæmt samningi 2. mars 2007 sem gerður hafi verið samhliða ráðningarsamningi. Telji slitastjórn umrædda skuldbindingu ekki halda við þær kringumstæður sem skapast hafi í rekstri varnaraðila auk þess sem efnisleg skilyrði greiðslunnar séu ekki uppfyllt. Þá geti krafan ekki talist forgangskrafa í skilningi 112. gr. gjaldþrotalaga. Enn fremur kemur fram í bréfi slitastjórnar að varnaraðili beri ekki ábyrgð á því að lífeyrissjóðsgreiðsla hafi borist of seint auk þess sé tjón ósannað. Þá njóti krafa af þessu toga ekki forgangs.

### III

Sóknaraðili telur engin rök standa til annars en að taka kröfur hans að fullu til greina. Sé alls óvíst á hvaða lagagrundvelli varnaraðili hafni kröfum sóknaraðila og af hverju hann telji samninga sem kveði á um ráðningarkjör sóknaraðila, gerða af þar til bærum aðilum, vera óskuldbindandi. Þá hafi varnaraðili ekki fært rök fyrir því af hverju hann eigi ekki að bera ábyrgð á því fjártjóni sem sóknaraðili hafi orðið fyrir vegna þess að lífeyrissjóðsgreiðsla varnaraðila hafi borist mánuði of seint.

Aðalkrafa sóknaraðila, um að krafa sóknaraðila til slitastjórnar varnaraðila að fjárhæð GBP 532.082,98 verði samþykkt sem forgangskrafa, sé krafa um bætur vegna slita á vinnusamningi. Krafa þessi eigi sér stoð í ráðningarsamningum aðila og hafi greiðslur þessar verið hluti af ráðningarkjörum sóknaraðila. Annars vegar sé um að ræða frestaða kaupaukagreiðslu sem eigi sér stoð í lið 4.2. í ráðningarsamningi aðila og lið 2 í viðauka 1 við ráðningarsamninginn og hins vegar sé um að ræða umsamið endurgjald fyrir vinnu sem eigi sér stoð í samkomulagi aðila frá 2. mars 2007, sem gert hafi verið samhliða ráðningarsamningnum.

Samkvæmt þessu sé ljóst að þeir samningar, sem krafa þessi byggist á, séu samningar sem kveði á um ráðningarkjör sóknaraðila og launa- og kaupaukagreiðslur til hans vegna vinnu í þágu varnaraðila. Þessir samningar hafi verið undirritaðir af þar til bærum aðilum í byrjun mars 2007 og hafi því ekki staðið í neinum tengslum við greiðsluþrot varnaraðila. Því sé alveg ljóst að umræddir samningar séu skuldbindandi fyrir varnaraðila.

Þá sé einnig ljóst að þær greiðslur sem sóknaraðili geri hér kröfu um hafi ekki staðið í neinum tengslum við starfslok hans hjá varnaraðila og sé því ekki um starfslokagreiðslur að ræða, heldur umsamin launakjör fyrir vinnuframlag sóknaraðila. Varnaraðili hafi skuldbundið sig til að greiða sóknaraðila umræddar launa- og kaupaukagreiðslur og beri að efna þær samningsskuldbindingar. Samkvæmt meginreglum vinnuréttar beri að greiða starfsmanni við starfslok áunnin laun samkvæmt ráðningarsamningum. Þessu til stuðnings sé vert að geta þess að með bréfi 19. mars 2009, þ.e. eftir að varnaraðili var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu og sama dag og varnaraðili fór í greiðslustöðvun, hafi varnaraðili staðfest að við uppgjör launa við starfslok ætti sóknaraðili rétt á þeim launagreiðslum sem sóknaraðili geri hér kröfu um að verði samþykktar. Með þessu hafi varnaraðili staðfest skuldbindingargildi framangreindra samninga og rétt sóknaraðila til umræddra launa- og kaupaukagreiðslna.

Sé hér um að ræða kröfu um bætur vegna slita á vinnusamningi, en kröfur byggist á launum og öðru endurgjaldi fyrir vinnu sóknaraðila í þágu varnaraðila, sem eigi sér stoð í ráðningarsamningum aðila. Falli krafan því undir 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Verði ekki fallist á að krafa sóknaraðila sé forgangskrafa sé á því byggt að hún sé almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Hin aðalkrafa sóknaraðila, að krafa sóknaraðila til slitastjórnar varnaraðila að fjárhæð GBP 40.648,11 verði samþykkt sem forgangskrafa, sé krafa um fullar efndir á greiðslu í lífeyrissjóð. Krafa þessi sé á því byggð að skylda varnaraðila sé sú að greiða lífeyrissjóðsgreiðslu til sóknaraðila, eða þess er hann vísi til, á gjalddaga greiðslunnar. Óumdeilt sé að greiðslan hafi ekki borist Scottish Widows á gjalddaga hennar heldur einum mánuði síðar. Það sé á ábyrgð varnaraðila, enda hafi sóknaraðili engan þátt átt í því að greiðslan barst ekki á réttum tíma. Það sé meginregla í íslenskum samninga- og kröfurétti að greiðslustaður peningakrafna sé hjá kröfuhafa og peningagreiðsla teljist ekki hafa borist fyrr en hún sé komin til kröfuhafa. Í þessu tilviki myndi kröfuhafi teljast vera Scottish Widows, sem taki við greiðslu fyrir hönd sóknaraðila. Þessi regla hafi í för með sér að það sé skuldari, í þessu tilviki varnaraðili, sem beri áhættuna af því, ef greiðsla misfarist með einhverjum hætti eða henni seinki, þrátt fyrir að greiðsludrátturinn sé ekki skuldarannum sjálfum að kenna.

Hafi sóknaraðili orðið fyrir fjártjóni þar sem hann hafi tapað ávöxtun á þeirri greiðslu sem borist hafi um mánuði of seint. Á því tjóni beri varnaraðili ábyrgð. Nemi tapið GBP 40.648,11, eins og fram komi í bréfi frá Scottish Widows 4. maí 2009. Þar sem varnaraðili beri áhættuna af þessum greiðsludrætti beri honum að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Megi jafna þessu við kröfu um vanskilavexti, sem óumdeilt fylgi þeirri kröfu sem stofnað hafi til þeirra. Með vísan til 4. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991 telji sóknaraðili ljóst að krafa þessi sé forgangskrafa í bú varnaraðila.

Til vara sé þess krafist að krafan verði samþykkt sem almenn krafa á grundvelli 113. gr. laga nr. 21/1991.

Hvorki í ráðningarsamningi aðila né í viðauka 1 við samninginn komi fram eftir lögum hvaða lands hann eigi að fara en með vísan til a. liðar 2. mgr. 6. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar sé ljóst að við túlkun hans fari eftir sænskum lögum. Í fyrrgreindu samkomulagi aðila komi hins vegar fram að um það fari samkvæmt íslenskum lögum eða öðrum lögum ef varnaraðili kysi svo.

Sóknaraðili vísar einkum til ákvæða laga nr. 21/1991 máli sínu til stuðnings. Þá vísar hann til almennra meginreglna samninga- og kröfuréttar. Um málskostnað vísar sóknaraðili til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um málskostnað og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt á málskostnað.

#### IV

Varnaraðili kveður kröfu sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð GBP 532.082,98 vera tvíþætta. Annars vegar sé um að ræða kaupaukagreiðslu sem ákvörðuð hafi verið á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007. Samkvæmt ákvæði 4.2. í ráðningarsamningi sóknaraðila og viðauka 1 við þann samning hafi sóknaraðili átt möguleika á árangurstengdum greiðslum auk umsaminna launagreiðslna. Á grundvelli þessara ákvæða hafi sóknaraðili verið talinn eiga rétt til kaupaukagreiðslu að fjárhæð EUR 313.482 vegna rekstrarársins 2007. Helmingur þeirrar fjárhæðar hafi verið greiddur 1. mars 2008 en í samræmi við heimild í ákvæði 2.3. í viðauka I við ráðningarsamninginn hafi fjórðungi greiðslunnar verið frestað til 1. mars 2009 og fjórðungi til 1. mars 2010. Réttur sóknaraðila til frestaðra greiðslna hafi samkvæmt ákvæðum viðaukans verið háður því að hann væri enn í starfi hjá varnaraðila þegar kæmi að greiðslunum.

Á grundvelli framangreinds krefjist sóknaraðili jafngildi EUR 78.371 en krafa varnaraðila sé sett fram í breskum pundum þar sem launauppgjör hafi farið fram í þeim gjaldmiðli. Ekki sé ágreiningur milli málsaðila um fjárhæð þessa hluta kröfu varnaraðila. Varnaraðili telji kröfu sóknaraðila um greiðslu kaupauka hins vegar ekki njóta forgangs samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Að mati varnaraðila sé um almenna kröfu að ræða samkvæmt 113. gr. sömu laga.

Með ákvæði 112. gr. laga nr. 21/1991, sem skipi vissum kröfum framar öðrum í réttindaröð, sé vikið frá grundvallarreglu laganna um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti. Af því leiði að ákvæðið verði ekki skýrt rúmt. Ákvæði 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laganna taki til launa og óumdeilt sé að greiðslur sem þar falli undir þurfi að eiga rætur að rekja til vinnu í þjónustu þrotamanns. Um endurgjald sóknaraðila fyrir vinnu í þágu sóknaraðila hafi farið samkvæmt ráðningarsamningi sem gerður hafi verið 2. mars 2007. Samkvæmt honum hafi umsamin föst laun sóknaraðila verið EUR 187.000 á ári.

Greiðslum samkvæmt viðauka 1 við ráðningarsamninginn verði að mati varnaraðila ekki jafnað til launagreiðslna sem falli undir 112. gr. laga nr. 21/1991. Ekki sé um að ræða reglubundið endurgjald fyrir vinnu heldur samning um árangurstengdar greiðslur. Samningurinn sé meðal annars eins konar tryggðarsamningur þar sem réttur til greiðslna sem þegar hafi verið ákvarðaðar, en greiðslu frestað í allt að tvö ár, falli niður ef starfsmaður hætti störfum á tímabilinu. Þessi sérstaða greiðslnanna

sé áréttuð í ákvæði 2.5. í viðauka 1 við ráðningarsamning sóknaraðila. Þar sé með skýrum hætti kveðið á um að umræddur viðauki sé ekki hluti af ráðningarsamningi sóknaraðila og varnaraðila og greiðslur samkvæmt viðaukanum séu ekki laun. Þá sé í sama ákvæði tekið fram að ekki verði greitt í lífeyrissjóð af greiðslum samkvæmt samningnum og að uppsögn úr starfi geti ekki undir neinum kringumstæðum veitt rétt til greiðslna eða bóta á grundvelli viðaukans. Telji varnaraðili því ljóst að greiðslur samkvæmt viðauka 1 við ráðningarsamninginn verði ekki felldar undir 112. gr. laga nr. 21/1991.

Í greinargerð sóknaraðila sé gerð grein fyrir samningi sem gerður hafi verið samhliða ráðningarsamningi. Samkvæmt þeim samningi hafi sóknaraðili átt rétt til greiðslna að fjárhæð EUR 1.550.000 sem varnaraðila hafi annað hvort borið að greiða í einu lagi eða í þremur jöfnum greiðslum á jafn mörgum árum. Samkvæmt ákvæðum samningsins hafi réttur sóknaraðila til greiðslna verið háður því að hann væri í starfi hjá varnaraðila og að svið eigin viðskipta hjá varnaraðila væri starfhæft. Í samræmi við þessi skilyrði hafi verið mælt fyrir um skyldu sóknaraðila til að endurgreiða hluta fjárhæðarinnar ef annaðhvort framangreindra skilyrða teldist ekki uppfyllt en fjárhæðin öll hefði verið greidd til sóknaraðila fyrir fram.

Hafi varnaraðili kosið að dreifa umræddum greiðslum á þrjú ár. Fyrsta greiðslan að fjárhæð EUR 516.667 hafi verið innt af hendi á árinu 2008. Sóknaraðili krefjist nú annarrar greiðslu samkvæmt samningnum, sömu fjárhæðar og telji hana njóta forgangs á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðili telur skuldbindingu til framangreindrar greiðslu ekki vera fyrir hendi. Beri að skilja skilyrði umrædds samnings svo að skylda til greiðslu hafi fallið niður við það að starfsemi eigin viðskipta hjá varnaraðila hafi lagst af 9. mars sl. þegar skilanevnd var skipuð og daglegri starfsemi bankans hætt. Þá liggi enn fremur fyrir að sóknaraðila hafi verið sagt upp störfum 19. mars 2009, líkt og flestum starfsmönnum bankans.

Í umræddum samningi sé kveðið á um að réttur til greiðslu sé háður því að svið eigin viðskipta hjá varnaraðila sé starfhæft og að sóknaraðili sé enn við störf hjá varnaraðila. Sé ljóst af orðalagi samningsins að þessi skilyrði þurfi að vera fyrir hendi í þrjú ár frá undirritun samningsins. Það hafi hins vegar ekki náðst og hafi greiðsluskylda því fallið niður.

Verði talið að sóknaraðili eigi kröfu á grundvelli framangreinds samnings sé ljóst að krafan njóti ekki forgangs á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991. Ekki sé um að ræða endurgjald fyrir vinnu í þágu varnaraðila. Fyrir liggi að sérstaklega hafi verið samið um það endurgjald í ráðningarsamningi sóknaraðila. Raunar sé vandséð hvert framlag sóknaraðila hafi verið samkvæmt hinum umdeilda samningi, annað en að vera enn við störf á sviði eigin viðskipta varnaraðila að þremur árum liðnum. Krafa sóknaraðila hafi sýnilega verið skilyrt að þessu leyti. Þá sé tekið fram í samningnum að ef greiðsla væri innt af hendi í einu lagi bæri að meðhöndla hana

sem skuld sóknaraðila við varnaraðila þar til umræddum þriggja ára tíma væri náð.

Verði talið að til kröfu hafi stofnast telur varnaraðili að um gjöf hafi verið að ræða í skilningi 114. gr. laga nr. 21/1991 enda verði ekki séð að nokkurt endurgjald hafi verið áskilið af hálfu varnaraðila. Til vara sé þess krafist að krafan verði felld undir 113. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili mótmælir enn fremur fjárhæð kröfu sóknaraðila. Fyrir liggir að varnaraðili hafi greitt GBP 189.000 pund í lífeyrissjóð sóknaraðila í mars 2009. Greiðslan í lífeyrissjóð sóknaraðila sé þannig til komin að sóknaraðili hafi farið fram á að hluta þeirra greiðslna sem fjallað hefur verið um hér að framan, samanlagt að fjárhæð GBP 532.082,98, yrði ráðstafað í lífeyrissjóð hans. Sú greiðsla, að fjárhæð GBP 189.000 hafi verið innt af hendi og komi því til frádráttar kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili hafi kosið sem fyrr segir að ráðstafa hluta greiðslna í lífeyrissjóðinn Scottish Widows. Varnaraðili hafi innt umrædda greiðslu til lífeyrissjóðs sóknaraðila af hendi 10. mars 2009. Vegna inngríps Fjármálaeftirlitsins í starfsemi varnaraðila 9. mars 2009 hafi greiðslur tengdar varnaraðila víða verið stöðvaðar. Svo virðist sem greiðslufyrirmæli varnaraðila hafi í þessu tilviki ekki verið efnd af hálfu viðtökubankans, þ.e. viðskiptabanka lífeyrissjóðsins. Samkvæmt gögnum málsins muni greiðslan ekki hafa skilað sér til lífeyrissjóðsins fyrr en 8. apríl 2009. Sé því haldið fram að þessar tafir hafi leitt til virðisrýrnunar sem nemi 40.648,11 breskum pundum.

Varnaraðili telur í fyrsta lagi að sóknaraðili hafi ekki átt kröfu til greiðslu umrædds framlags í lífeyrissjóð. Verði talið að sóknaraðili eigi ekki rétt til greiðslu að fjárhæð EUR 516.667 sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki átt kröfu á því að ráðstafa hluta þeirrar fjárhæðar í lífeyrissjóð. Að mati varnaraðila hafi sú greiðsla verið umfram skyldu. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til skoðunar hvort dráttur á þeirri greiðslu geti leitt til frekari greiðsluskyldu varnaraðila.

Verði talið að sóknaraðili eigi rétt til greiðslna samkvæmt framansögðu að fjárhæð GBP 532.082,98, og hafi af þeim sökum getað ráðstafað hluta þeirra í lífeyrissjóð, sé kröfum sóknaraðila samkvæmt þessum lið eftir sem áður hafnað. Því sé í fyrsta lagi hafnað að tafir á umræddri greiðslu, reynist þær réttar, verði virtar varnaraðila til sakar. Varnaraðili hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að inna umrædda greiðslu af hendi með greiðslufyrirmælum 10. mars 2009. Ákvörðun viðskiptabanka lífeyrissjóðs sóknaraðila, að stöðva öll greiðslufyrirmæli varnaraðila, sé ekki á ábyrgð varnaraðila. Að mati varnaraðila verði sóknaraðili að beina kröfum sínum til viðskiptabanka lífeyrissjóðsins, ef einhver krafa er fyrir

hendi á annað borð. Þá telji varnaraðili í öðru lagi að jafnvel þótt talið yrði að umrætt atvik yrði virt varnaraðila til sakar þá geti tjón sóknaraðila ekki talist sennileg afleiðing þessarar athafnar varnaraðila. Þá sé því enn fremur mótmælt sem ósönnuðu að sóknaraðili hafi orðið fyrir fjártjóni vegna umræddra tafa. Verði að mati varnaraðila að teljast með ólíkindum að sóknaraðili hafi farið á mis við ávöxtun að fjárhæð ríflega 40 þúsund pund á innan við mánuði.

Verði talið, þrátt fyrir framangreint, að stoð sé fyrir kröfu sóknaraðila sé ljóst að krafan falli ekki undir 112. gr. laga nr. 21/1991 heldur sé um almenna kröfu að ræða. Umrædd greiðsla að fjárhæð GBP 189.000 hafi ekki verið innt af hendi á grundvelli lagaskyldu eða á grundvelli ráðningarsamnings eða kjarasamnings. Af gögnum málsins sé ljóst að sóknaraðili hafi kosið að ráðstafa hluta þeirra greiðslna sem hann taldi sig eiga tilkall til í umræddan lífeyrissjóð. Slík einhliða ráðstöfun sóknaraðila felli greiðsluna ekki undir 112. gr. laga nr. 21/1991. Þá sé ljóst að krafa sóknaraðila sé krafa um bætur vegna missis ávöxtunar á höfuðstóli greiðslunnar. Bótakröfur falli undir 113. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili vísi til þess að um ráðningarsamninginn og viðauka við hann fari eftir sænskum lögum. Af hálfu varnaraðila sé vísað til þess að störf sóknaraðila hafi verið á sviði eigin viðskipta fyrir samstæðu varnaraðila. Af þeim sökum, og með vísan til þess að í þeim samningi sem gerður var samhliða ráðningarsamningnum sé tekið fram að um hann gildi íslensk lög, telji varnaraðili að beita beri íslenskum lögum um réttarsamband aðila. Í öllu falli sé ljóst að efni erlendra réttarreglna hafi enga þýðingu við mat á því hvar krafa sóknaraðila standi í réttindaröð samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti.

Þá telur varnaraðili engu máli skipta við mat á réttmæti krafna sóknaraðila að starfsmaður varnaraðila hafi við uppsögn sóknaraðila tiltekið þær kröfur sem hann taldi sóknaraðila eiga rétt til. Á þessum tíma hafði Fjármálaeftirlitið gripið inn í starfsemi félagsins og skilanefnd tekið við stjórn bankans. Þá hafi bankinn enn fremur fengið leyfi til greiðslustöðvunar. Hvorki skilanefnd né aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartíma hafi skuldbundið bankann gagnvart sóknaraðila eða veitt samþykki til slíks. Um réttmæti krafna sóknaraðila og stöðu þeirra í réttindaröð fari að lögum og geti yfirlýsingar starfsmanna varnaraðila þar engu breytt.

## V

Eins og fram er komið snýst ágreiningur aðila um það hvort krafa sóknaraðila vegna kaupaukagreiðslu að fjárhæð EUR 78.371, umreiknað í GBP 70.079,35, sé forgangskrafa eða almenn krafa. Þá er ágreiningur um kröfu sóknaraðila sem hann byggir á samkomulagi milli aðila sem gert var samhliða ráðningarsamningi að fjárhæð EUR 516.667, umreiknað í GBP 462.003,63. Telur varnaraðili sig óskuldbundinn til greiðslu kröfunnar auk þess sem hún sé ekki forgangskrafa. Þá

er ágreiningur um kröfu sóknaraðila vegna meints tjóns hans af því að greiðsla varnaraðila í eftirlaunasjóð fyrir sóknaraðila hafi borist of seint til sjóðsins en sóknaraðili metur tjón sitt af þessum sökum GBP 40.648,11.

Í málatilbúnaði sóknaraðila kemur fram að þar sem hvorki komi fram í ráðningar samningi né viðauka 1 við hann eftir lögum hvaða lands skuli fara sé ljóst að við túlkun hans skuli fara samkvæmt sænskum lögum. Vísar hann um þetta til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar þar sem segir að eftirfarandi lög skuli gilda um vinnusamninga: a) lög þess lands sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í tilteknu landi eða b) ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gildi lög þess lands þar sem sú starfsstöð er sem réð hann til starfa. Samkvæmt ráðningarsamningi var starfsstöð sóknaraðila í Svíþjóð en af gögnum málsins verður ekki ráðið hvaða þýðingu sóknaraðili telur það hafa, varðandi þann ágreining sem hér er uppi, að um túlkun ráðningarsamnings skuli fara eftir sænskum lögum eða hvort og þá í hverju þau séu frábrugðin íslenskum lögum. Fyrir liggur að í samkomulagi aðila frá 2. mars 2007 sem gert var samhliða ráðningarsamningi og viðauka 1 við hann er tekið fram að fara skuli eftir íslenskum lögum nema varnaraðili kjósi annað. Þykir ekki sýnt fram á annað en að um kröfur sóknaraðila skuli fara samkvæmt íslenskum lögum enda verður ekki annað séð en að sóknaraðili byggji málatilbúnað sinn á íslenskum lögum.

Sá kröfuliður sóknaraðila er varðar kaupaugagreiðslu að fjárhæð EUR 78.371 eða GBP 70.079,35 sem ákvörðuð var á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007, byggist á ákvæði 4.2 í ráðningarsamningi og viðauka 1 við þann samning. Samkvæmt gögnum málsins átti sóknaraðili rétt á EUR 313.482 vegna rekstrarársins 2007 og fékk hann helming þeirrar greiðslu 1. mars 2008 en í samræmi við heimild í ákvæði 2.3 í viðauka i við ráðningarsamninginn var fjórðungi greiðslunnar frestað til 1. mars 2009 og fjórðungi til 1. mars 2010. Verður málatilbúnaður sóknaraðila ekki skilinn með öðrum hætti en að hann sé hér að krefjast þess hluta kaupaugagreiðslunnar sem greiðast átti 1. mars 2009. Ekki er ágreiningur um það í málinu að sóknaraðili eigi kröfu þessa á hendur varnaraðila eða fjárhæð hennar heldur snýst ágreiningur aðila um það hvort hún njóti forgangs á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Telur varnaraðili að krafa þessi sé almenn krafa samkvæmt 113. gr. gjaldþrotalaga.

Ljóst þykir að þeir samningar sem krafa þessi byggist á, annars vegar ráðningar samningur og hins vegar viðauki 1 við þann samning, kveða á um ráðningarkjör sóknaraðila. Kveða þeir á um umsamin launakjör fyrir vinnuframlag sóknaraðila, annars vegar föst laun og hins vegar kaupaugagreiðslur. Samkvæmt 4.2 gr. ráðningarsamningsins segir að sóknaraðili geti átt rétt á nánar tilgreindri greiðslu og er vísað í því sambandi til viðauka 1 með ráðningarsamningi, þar sem fjallað er um kaupaugagreiðslur vegna hagnaðar, en krafa sú sem hér er til umfjöllunar er slík greiðsla. Kemur og fram í ráðningarsamningi að af greiðslum þessum skuli greiða skatta og opinber gjöld og að inn í fjárhæðum sé reiknað orlof. Þá kemur fram í

viðauka 1 við ráðningarsamning að ákvörðunarvaldið um bónusgreiðslur sé í höndum forstjóra varnaraðila.

Sóknaraðili byggir á því að framangreind krafa hans eigi að njóta forgangs við slitameðferð varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga, einkum 2. tl. þess ákvæðis. Samkvæmt 1. tl. ákvæðisins njóta kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frest dag, forgangs. Samkvæmt 2. tl. njóta kröfur um bætur vegna slita á vinnusamningi sem hafa átt sér stað á því tímabili sem um ræðir í 1. tl. eða eftir frest dag einnig forgangs. Frestdagur við slitameðferð varnaraðila miðast við þann dag sem Fjármálaeftirlitið tók yfir hluthafafund varnaraðila hinn 9. mars 2009 en eins og rakið hefur verið féll krafa sóknaraðila í gjalddaga fyrir frest dag eða 8 dögum áður. Greinir aðila á um það hvort umdeild krafa geti talist laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu varnaraðila.

Liggur fyrir að greiðslan að fjárhæð EUR 78.371 var kaupaukagreiðsla til handa sóknaraðila sem ákvörðuð var á árinu 2008 vegna rekstrarársins 2007 og hafði varnaraðili tilkynnt sóknaraðila um þessa greiðslu sem óumdeilt er að átti að greiðast 1. mars 2009. Þykir því ljóst að greiðsla þessi var kaupauki vegna vinnuframlags sóknaraðila í þágu varnaraðila sem þegar hafði verið innt af hendi. Þykir engu breyta í þessu sambandi þótt kveðið sé um það í grein 2.5 í viðauka 1 við ráðningarsamning að þessar greiðslur séu ekki hluti af launum sóknaraðila. Að því virtu sem nú hefur verið rakið þykir ljóst að á gjalddaga kröfunnar 1. mars 2009 hafði sóknaraðili innt af hendi það vinnuframlag sem af honum var krafist. Þykir ljóst að umræddar kaupaukagreiðslur voru þannig endurgjald fyrir vinnu sóknaraðila í þágu varnaraðila og njóta þær því forgangs samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga.

Í grein 2.5 í viðauka 1 við ráðningarsamning segir meðal annars að viðaukinn sé ekki hluti starfssamnings aðila og að hann færi starfsmanninum ekki nein lagaleg réttindi gagnvart fyrirtækinu eða veiti honum tilefni til að leita lagalegra úrræða eða kröfugerðar á hendur fyrirtækinu. Skjalið heitir viðauki 1 við ráðningarsamning og þar með hlýtur hann að vera hluti starfssamnings aðila. Þetta ákvæði verður að skilja sem svo að ákvarðanir sem varnaraðili tekur varðandi bónusgreiðslur séu endanlegar og starfsmaður geti þar engin áhrif haft á. Hins vegar verður með engu móti fallist á að það útiloki sóknaraðila frá því að fá leyst úr kröfum sínum, sem varnaraðili hefur þegar ákveðið að hann eigi rétt á samkvæmt samningnum, fyrir dómi.

Sá hluti kröfu sóknaraðila að fjárhæð EUR 516.667 eða GBP 461.109,43, er síðasta greiðsla af heildarfjárhæðinni EUR 1.550.000 samkvæmt samningi aðila. Varnaraðili mótmælir hins vegar skuldbindingargildi samningsins þar sem skilyrði til greiðslu samkvæmt honum hafi ekki verið uppfyllt.

Samkvæmt samkomulagi þessu skyldi varnaraðili greiða sóknaraðila umrædda fjárhæð í einni greiðslu eða í þrem jöfnum greiðslum á þremur árum, enda væri sóknaraðili í starfi hjá varnaraðila eða svið eigin viðskipta starfrækt. Varnaraðili kaus hins vegar að skipta þessum greiðslum niður á tvö ár en samkvæmt samningnum áttu EUR 1.033.333 að greiðast 1. mars 2008 og EUR 516.667 að greiðast 1. mars 2009, Þá kemur fram í samningnum að hinn 1. september 2009 ættu að greiðast EUR 258.333 en sú greiðsla er umfram þær EUR 1.550.000 sem samningurinn gerir ráð fyrir og er því í engu samræmi við hann. Hins vegar verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að sóknaraðili sé í máli þessu að krefjast greiðslu sem greiðast átti 1 mars 2009, þ.e. afgangss þess fjárhæðar sem samningurinn hljóðar upp á.

Varnaraðili telur að skilyrði framangreinds samkomulags hafi ekki verið uppfyllt og hafi greiðsluskylda varnaraðila á grundvelli samningsins fallið niður við það að starfsemi eigin viðskipta hjá varnaraðila lagðist af 9. mars 2009. Sé í samningi aðila kveðið á um að réttur til greiðslu sé háður því að svið eigin viðskipta hjá varnaraðila sé starfshæft og að sóknaraðili sé enn við störf hjá varnaraðila. Sé ljóst af orðalagi samningsins að þessi skilyrði þurfi að vera fyrir hendi í þrjú ár frá undirritun samningsins.

Af gögnum málsins má sjá að umræddar greiðslur samtals að fjárhæð EUR 1.550.000 sem ráðgert var að dreifa á þrjú ár var einungis dreift á tvö ár og samkvæmt framansögðu gerir sóknaraðili nú kröfu til lokagreiðslunnar sem var á gjalddaga 1. mars 2009. Verður samningur þessi því ekki skilinn á þann veg að skilyrði greiðslu þurfi að vera fyrir hendi í þrjú ár frá undirritun samningsins. Ljóst er að þegar greiðsla samkvæmt samningnum var gjaldkræf, hinn 1. mars 2009 var sóknaraðili enn við störf hjá varnaraðila og svið eigin viðskipta starfshæft. Fær þetta stöð í vitnisburði Benedikts Gíslasonar fyrrverandi yfirmanns sóknaraðila hjá varnaraðila fyrir dómi og þykir því fullnægt framangreindum skilyrðum samningsins. Þá er til þess að líta í grein 3.2 í viðauka 1 við ráðningarsamning er kveðið á um það að hinar frestuðu kaupaukagreiðslur skuli ekki falla niður ef sóknaraðili hættir störfum hjá varnaraðila vegna þess að reksturinn væri að dragast saman sem var raunin í tilviki sóknaraðila. Að því virtu sem nú hefur verið rakið á sóknaraðili kröfu á hendur varnaraðila á grundvelli samnings aðila að fjárhæð EUR 516.667 eða GBP 461.109,43. Stendur þá eftir ágreiningur um hvar skipa skuli kröfunni í skuldaröð.

Sóknaraðili byggir á því að framangreindar kröfur hans eigi að njóta forgangs við slitameðferð varnaraðila á grundvelli 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga, einkum 2. t.l. þess ákvæðis.

Í samningi þeim sem framangreind krafa byggist á kemur fram að greiðslur séu fyrir nánar tilgreint verk, sem sóknaraðili sjálfur eða fyrirtæki/lögaðili sem hann á eða stjórnar, tekur að sér fyrir varnaraðila. Verkefnið sem sóknaraðili, eða sá sem hann vísar til, tók meðal annars að sér samkvæmt samningnum, var að vera til ráðgjafar við það verkefni að byggja upp svið eigin viðskipta í Norður-Evrópu. Verður samningur þessi ekki skilinn á annan veg en að sóknaraðili sé með honum að taka að sér einhvers konar ráðgjafarþjónustu umfram það starf sem hann var ráðinn til að gegna samkvæmt ráðningarsamningi. Er ekkert í samningnum sem gefur til kynna að greiðslur þessar yrðu skertar með frádrætti vegna launatengdra gjalda eða staðgreiðslu opinberra gjalda. Ber samningur þessi með sér að sóknaraðili hafi með honum tekið að sér verkefnið sem verktaki en ekki launþegi og fellur krafan því ekki undir 112. gr. gjaldþrotalaga heldur er hér um að ræða almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laganna.

Varnaraðili telur að skipa eigi kröfu þessari í flokk eftirstæðra krafna samkvæmt 114. gr. gjaldþrotalaga þar sem um hafi verið að ræða gjöf þar sem ekkert endurgjald hafi verið áskilið af hálfu varnaraðila. Með vísan til þess sem að framan er rakið var umdeild greiðsla vegna ákveðins verkefnis sem sóknaraðili tók að sér fyrir varnaraðila og liggur ekkert fyrir annað en að hann hafi innt það verkefni af hendi enda hafði varðaraðili tilkynnt sóknaraðila um að greiðslan yrði innt af hendi 1. mars 2009.

Óumdeilt er að varnaraðili greiddi hinn 10. mars 2009 GBP 189.000 í eftirlaunasjóð Scottish Widows í þágu sóknaraðila. Skilaði greiðslan sér hins vegar ekki til móttakanda fyrr en 8. apríl 2009. Telur sóknaraðili að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa þar sem hann hafi orðið af ávöxtun á greiðslunni á þessum tæpa mánuði. Óumdeilt er að varnaraðili innti greiðsluna af hendi á réttum tíma og hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á það með haldbærum gögnum að varnaraðili beri ábyrgð á því að greiðslan barst ekki móttakanda fyrr en raun ber vitni. Verður sóknaraðili að bera hallann af þeim sönnunarskorti og verður kröfu þessari hafnað.

Með bréfi 16. febrúar 2009 til sóknaraðila var honum tilkynnt um að hann fengi kaupauka að fjárhæð EUR 78.371 vegna ársins 2008 og að í samræmi við samning aðila 2. mars 2007 yrði honum greidd önnur greiðsla hans að fjárhæð EUR 516.667 að frádregnum sköttum 27. febrúar 2009 í enskum pundum umreiknuðum samkvæmt gengi 0,89646. Sama dag sendi varnaraðili sóknaraðila bréf þess efnis að frá umræddum greiðslum sem miðað við ofangreint gengi væru GBP 533.428 ( $78.371 + 516.667 = 595.038 \times 0,89646$ ) væru dregin GBP 189.000 vegna greiðslna varnaraðila í eftirlaunasjóðinn Scottish Widows sóknaraðila til hagsbóta. Er óumdeilt að umrædd greiðsla var greidd til eftirlaunasjóðsins og verður því ekki annað séð en að með því hafi sóknaraðili fengið hluta kröfu sinnar greidda. Í málinu liggja hins vegar ekki fyrir haldbær gögn um hvernig greiðslu af þessum toga yrði skipað í réttindaröð við gjaldþrot og verður varnaraðili að bera hallann af því en hann hefur krafist þess að krafa sóknaraðila verði lækkuð af þessum sökum.

Verður greiðsla þessi því dregin frá þeirri kröfu sóknaraðila sem viðurkennd hefur verið sem almenn krafa.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið er viðurkennt að krafa sóknaraðila að fjárhæð GBP 70.079,35 sé forgangskrafa við slitameðferð varnaraðila. Þá er viðurkennt að krafa sóknaraðila að fjárhæð GBP 273.003,63 (462.003,63 – 189.000) sé almenn krafa við slitameðferð varnaraðila og kröfu sóknaraðila að fjárhæð GBP 40.648,11 er hafnað.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 600.000 krónur þar með talinn virðisaukaskattur.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Ólafur Eiríksson hrl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Hilmar Gunnarsson hdl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

## ÚRSKURÐARORÐ

Krafa sóknaraðila, Flemming Bendsen, að fjárhæð GBP 70.079,35 er viðurkennd sem forgangskrafa við slitameðferð varnaraðila, Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf.

Krafa sóknaraðila að fjárhæð GBP 273.003,63 er viðurkennd sem almenn krafa við slitameðferð varnaraðila.

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila að fjárhæð GPB 40.641,11 er hafnað.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 600.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir

